



Brekkuskógur í vetrarbúning.

Félagsfundir

Vegna fyrirhugaðrar sameiningar Félags iðn- og tæknigreina og lðnsveinafélags Suðurnesja er boðað til tveggja félagsfunda í FIT til að afgreiða tillögu um sameiningu og lagabreytingar sem slík sameining kallar á, en fyrirhugað er að fjölga stjórnarmönnum o.fl. sjá kynningu.

Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 1. febrúar í Borgartúni 30, 6. hæð, kl. 20.00.

Dagskrá:

1. Umræður um sameiningu FIT og ISFS.
2. Lagabreytingar, fyrri umræða:
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 16.grein, um stjórn.
 - 20.grein, um trúnaðarráð
 Bráðabyrgðaaákvæði vegna sameiningar við ISFS
3. Önnur mál

Stjórn FIT

Boðað er til félagsfundar miðvikudaginn 7. febrúar í Borgartúni 30, 6. hæð, kl. 20.00.

Dagskrá:

1. Umræður um sameiningu FIT og ISFS.
2. Lagabreytingar, síðari umræða :
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 16.grein, um stjórn.
 - 20.grein, um trúnaðarráð
 Bráðabyrgðaaákvæði vegna sameiningar við ISFS
3. Önnur mál

Stjórn FIT

Sameining félaganna

Kæru félagar!

Hlutverk stéttarfélaga í samfélagi nútímans hefur um margt breyst frá því sem áður var og gegna þau nú í auknum mæli þjónustuhlutverki samhliða því að vera málsvari og baráttutæki launafólks. Þróun samfélagsins hefur verið hröð undanfarin ár og hafa stéttarfélög lagað sig að breyttri samfélagsmynd með margvíslegum hætti eða allt frá því að auka samstarf sín á milli yfir í að sameinast og mynda stærri einingar.

Stjórnir Iðnsveinafélags Suðurnesja og Félags iðn- og tæknigreina ákváðu fyrir nokkru að hefja viðræður um hugsanlega sameiningu félaganna.

Tilgangurinn með viðræðunum hefur verið að finna leiðir til að auka þjónustustig félaganna og bæta kjör og menntun félagsmanna. Markmiðið er að búa til heilstætt félag sem hefur styrk til að mæta væntingum félagsmanna sinna til framtíðar.

Sigfús Rúnar Eysteinnsson, formaður
Iðnsveinafélags Suðurnesja

Hilmar Harðarson, formaður
Félags iðn- og tæknigreina



Skeggrætt í Borgarholtsskóla.

Öflugt félag til framtíðar

Skipulag félagsins byggir á því að lýðræði innan þess sé tryggt og að sem flestir félagsmenn í starfsgreinum og landsvæðum verði virkir í félagsstarfinu. Félagið verður opinn vettvangur fyrir félagsmenn til að koma málefnum á framfæri og leggja baráttunni fyrir bættum kjörum og félagslegu réttlæti lið. Heimasíðan og nýjasta samskiptatækni verður m.a. nýtt til að tryggja þetta.

Félagið verður áfram aðili að Samiðn og mun taka fullan þátt í starfi sambandsins. Lögð er áhersla á að Samiðn verði áfram til sem sterkt og öflugt samband fyrir félög í iðn- og tæknigreinum.

Aðalfundur verður æðsta vald félagsins og þar verður kosið til trúnaðarstarfa. Öllum fullgildum félagsmönnum verður heimilt að bjóða sig fram í einstök embætti.

Á aðalfundi verður auk þess fjallað um lög, reglugerðir, starfshætti og fjármál félagsins.

Trúnaðarráð verður skipað 27 aðalmönnum og 27 varamönnum ef af sameiningu verður. ISFS fengi tvo

fulltrúa og tvo til vara. Kjörtímabil verður tvö ár og kosið um helming ráðsins árlega á aðalfundi félagsins. Auk þess munu allir trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum eiga sæti í trúnaðarráði. Trúnaðarráð auk stjórnar verður samninganefnd félagsins.

Stjórn félagsins verður skipuð ellefu aðalmönnum auk fimm varamanna þar sem ISFS fær einn aðalmann í stjórn og einn varamann. Varamenn í stjórn eru boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarmenn verða kosnir til tveggja ára í senn. Kosningu verður skipt milli ára þannig að annað árið verður kosinn formaður, ritari, þrír meðstjórnendur og þrír varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og tveir varamenn.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á öllum rekstri og starfi innan félagsins en gert er ráð fyrir að hún geti falið öðrum framkvæmd ýmissa mála.

Aðalstjórn félagsins verður jafnframt stjórn sjúkrasjóðs.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:

Hilmar Harðarson.

1. tbl. 5. árg. febrúar 2007

Prentumsjón:

Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

Félagar geta þeir orðið sem starfa í eftirtöldum iðngreinum: bygginga- og mannvirkjagerð, farartækja- og flutningsgreinum, hönnun, listum, handverki, málm- og véltækni- greinum, þjónustugreinum og náttúrunýtingu. Auk þess nemar í áðurtöldum greinum.

Félagssvæði verður það sama og hjá núverandi félögum en misjafnt eftir starfsgreinum. Þannig nær t.d. náttúrunýting (garðyrkja) yfir allt landið og farartækjapátturinn að mestu leyti. Sama má segja um blikksmiðahluta málmtækninnar. Félagssvæði byggingamanna mun ná yfir Hafnarfjörð og Suðurkjördæmi (að undanskildum Hornafirði).

Félag iðn- og tæknigreina er einnig aðili að stóriðjusamningum við Alcan (Ísal), Íslenska járnblendifélagið og Norðurál.

Faggreinafundir og fræðslu- miðstöðvar

Við sameiningu félaganna verður engin breyting á aðild starfsgreina að iðunni fræðslusetri og Fræðslu- miðstöð bílgreina, sem og fræðslu- málum garðyrkjugeirans. Faggreina- fundir verða einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni. Þó kjaramál falli að mestu leyti undir stjórn og samninganefnd / trúnaðarráð félags- ins þykir nauðsynlegt að skapa

vettvang þar sem einstakar faggreinar innan félagsins geta rætt þann hluta kjaramála sem er sértækur fyrir við- komandi faggrein en einnig er þar vettvangur umræðna um menntamál og önnur sérmál.

Meginmarkmið

Helstu markmið félagsins verða:

- Að gæta hagsmuna félagsmanna í kjara- og réttindamálum.
- Að vera öflugt fagfélag sem er stefnumótandi í menntamálum og gæta hagsmuna félagsmanna á sviði mennta og fagmála.
- Að vera öflugur bakhjarl félags- manna með öflugum trygginga- sjóðum.
- Að veita félagsmönnum fyrir- myndar þjónustu og vera öflugt í upplýsingagjöf til þeirra.
- Að kynna starfsgreinar félags- manna þannig að þær verði eftirsóknarverður starfsvettvangur.
- Að vera opinn vettvangur félags- mannsins til að hafa áhrif á faglega stöðu sína, kjör og réttindi.

Á traustum grunni

Félagsmenn þeirra félaga sem standa að sameiningunni eru um 2.900 og eignir félaganna rúmar 1.000 milljónir króna ef miðað er við

síðustu áramót. Félagsgjald í hinu nýja félagi yrði 1% af heildarlaunum. Stjórn félagsins hefur heimild í lögum til að ákveða hámarks árgjald sem í dag er kr. 45 þúsund. Vegna sterkrar fjárhagsstöðu og hagkvæmni af sameiningunni má búast við að lækkun á þeirri upphæð komi til sameiningar.

Markviss þjónusta

Þjónustupátturinn er einn megin ávinningur sameiningarinnar í því markmiði að sinna félagsmönnum, trúnaðarmönnum, nefndarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum með markvissum hætti. Þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum og sérfræðiþjónustu þar sem þeir fá skjóta úrlausn sinna mála. Þetta markmið nær yfir alla starfsemi félagsins hvort sem það tengist félagslegu eða faglegu starfi þess. Áfram verður rekin mælingastofa á vegum félagsins auk þess sem félagið mun halda úti skrifstofu í Reykjanesbæ líkt og verið hefur. Því til viðbótar eru skrifstofur á Akranesi og Selfossi og aðalskrifstofa í Reykjavík.

Félagið mun vinna að því að trúnaðarmenn verði starfandi á öllum vinnustöðum með tíu manns eða fleiri og á sem flestum með 5-10 manns. Félagið mun koma upp tengslaneti á vinnustöðum þar sem ekki eru trúnaðarmenn.



Frá hófi sem FIT hélt í september 2006, þar sem nýsveinum voru afhent sveinsbréf.



Málmiðnaðarmenn verða að kunna ýmislegt fyrir sér, meðal annars í rafmagnsfræði.

Sterkir sjóðir

Sjúkrasjóður félagsins hefur það meginverkefni að tryggja afkomu sjóðsfélaga ef veikindi eða slys ber að höndum. Það verður gert með tekjutengdum greiðslum, 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu sex mánuðum í allt að 270 daga, sem hefjast þegar veikindarétti hjá launagreiðanda lýkur og þar til sjóðsfélagi verður vinnufær að nýju eða hefur kost á bráðabirgðaörorku frá lífeyrissjóði. Auk þessa getur sjóðsfélagi á sama tíma, sótt dagpeninga til Tryggingastofnunar u.þ.b. 30 þús. krónur á mánuði.

Einnig tryggir sjóðurinn afkomu sjóðsfélaga ef um langvarandi veikindi maka eða barna er að ræða sem leiða til tekjumissis sjóðsfélaga.

Sjóðurinn mun taka þátt í fyrirbyggjandi meðferðum á fjölbreyttan hátt og er félagsmönnum veitt ráðgjöf um úrræði ef veikindi eða slys verða. Verður það gert með upplýsingagjöf til sjóðsfélaga og lögfræðilegri aðstoð þar sem hún á við.

Vinnudeilusjóður

Öflugur vinnudeilusjóður er nauðsynlegt hjálpartæki til að ná sem bestum árangri í kjaraviðræðum. Hlutverk sjóðsins verður að tryggja félagsmönnum framfærslu ef til vinnudeilu kemur. Verulegir fjármunir liggja í þeim sjóði nú þegar.

Orlofssjóður

Félögin eiga í dag 25 orlofshús og eru þau flest vel búnir heilsársbústaðir með heitum pottum eða gufubaði. Ýmsir aðrir kostir eru í boði yfir sumartímann t.d. tjaldvagnar og boðið hefur verið upp á ódýrar ferðir til Spánar í samstarfi við ferðaskrifstofur. Þá hefur félagið yfir að ráða íbúð í Torrevieja á Spáni sem er til



útleigu árið um kring. Áfram verður unnið að uppbyggingu orlofsvalkosta félagsmanna bæði hér á landi og erlendis.

Kosning um sameiningu

Það er á valdsviði hvors félags að ákveða hvernig kosning um sameiningu fer fram. Hvort félag kys fyrir sig og talið verður í hvoru félagi fyrir sig. Samkvæmt lögum félaganna þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða til þess að sameining sé samþykkt. Hvort félag skipar sína kjörstjórn allt eftir lögum félaganna og lögum ASÍ.

Nánari upplýsingar

Iðnsveinafélag Suðurnesja

Tjarnargötu 7, 230 Reykjanesbæ
sími 421 2976
netfang isfs@isfs.is
www.isfs.is

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 535 6000
netfang fit@felag.is
www.felag.is

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI EÐA TILBOÐSFERÐ MEÐ SUMARFERÐUM SUMARIÐ 2007

Umsóknir sendist til Félag iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fax 5356020 Sími 5356000 Tölvupóstur: thskrif@samidn.is

Hægt er að fylla umsóknina út og vista hana t.d. á desktop og senda hana sem viðhengi með tölvupósti.

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími (gsm)	
Netfang			

TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 55.000 (lokaþrif innif.)

Íbúðin er einungis leigð til tveggja vikna í senn.

Verð fyrir flug til Alicante með Sumarferðum er kr. 29.000.

Flugvallarskattar eru innifaldir í verðinu.

Ekki er skilyrði að ferðast með Sumarferðum.

VERÐDÆMI:

1 í íbúð m.flugi	84,000 kr. á mann
2 í íbúð m.flugi	56,500 kr. á mann
3 í íbúð m.flugi	47,000 kr. á mann
4 í íbúð m.flugi	42,750 kr á mann
5 í íbúð m.flugi	40,000 kr á mann
6 í íbúð m.flugi	38,167 kr á mann

Tilboðsferð með Sumarferðum

Að þessu sinni er boðið upp á 25 tilboðsferðir að eigin vali með Sumarferðum hf. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað geta í framhaldinu framvísað staðfestingu hjá Sumarferðum og fengið 30.000.- króna lákkun á ferð til einhvers af áfangastöðum Sumarferða

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um tvo möguleika, annarsvegar Torrevieja og hinsvegar tilboðsferð með Sumarferðum.

Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 eða 6 til vara.

Upphafsdagur	→	24. maí	7. júní	21 júní	5. júlí	19 júlí	2. ágúst	16 ágúst
Lokadagur	→	7. júní	21 júní	5. júlí	19 júlí	2. ágúst	16 ágúst	30 ágúst
Torrevieja								

Tilboðsferð með Sumarferðum

Umsóknir verða að hafa borist til FIT í síðasta lagi 20. febrúar

Sjá nánar á www.felag.is og www.sumarferdir.is

Upplýsingar um íbúðina á Spáni



Útsýni frá svölum íbúðarinnar í Torrevieja

Heimilisfang:

El Molino
Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino
Fase II
Torrevieja
Alicante - Spánn
(5 hæð íbúð nr.9)

Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum.
Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu.
Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

Íbúðin er á efstu hæð (5. hæð). Lyfta er í húsinu.
Í bakgarðinum er sundlaug.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir.

Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Í sólina með Sumarferðum

FIT, í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir býður félagsmönnum uppá 25 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum Sumarferða sumarið 2007.

Fyrirkommalagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um ferð til FIT fyrir 20.febrúar og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofssjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli.

Sá sem fær úthlutun fær staðfestinu á því hjá FIT og fer með hana til Sumarferða og fær þá 30.000 króna afslátt á ferð með Sumarferðum til þess áfangastaðar sem hann kann að kjósa, en Sumarferðir bjóða uppá ferðir til amk. 10 áfangastaða.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á thskrif@samidn.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Munið að umsóknir þurfa að hafa borist á skrifstofu FIT að kvöldi 20 febrúar

Allar nánari upplýsingar hjá þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000

SUMAR FERÐIR



Tillaga Uppstillingarnefndar félags iðn- og tæknigreina fyrir aðalfund 2007

Tillaga uppstillingarnefndar um hluta stjórnar til ársins 2009.

Formaður: Hilmar Harðarson

Ritari: Sveinn Ingason

Meðstjórnendur:

Georg Ólafsson

Gunnar Gunnbjörnsson

Vilhjálmur Gunnarsson

Varamenn:

Þorsteinn G. Kristmundsson

Davíð Ingi Baldursson

Tillaga uppstillingarnefndar um hluta trúnaðarráðs og vara- menn til ársins 2009.

Aðalmenn:

1. Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki, Hafnarfirði
3. Sigríður Runólfsdóttir,
húsasmiður, Selfossi
5. Hörður Jóhann Geirsson,
bifvélavirki, Reykjanesbæ
7. Gunnar Svavarsson,
málari, Hafnarfirði
9. Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður, Reykjavík
11. María Steinmóðsdóttir,
húsasmiður, Hafnarfirði
13. Vignir Ólafsson,
málari, Reykjavík
15. Heimir B. Janusarson,
garðyrkjumaður, Reykjavík
17. Ágúst Friðriksson,
blikksmiður, Hafnarfirði
19. Hermann Halldórsson,
bifvélavirki, Kópavogi
21. Búi Gíslason,
vélvirki, Akranesi
23. Unnar Friðrik Sigurðsson,
vélvirki, Akranesi

Varamenn:

25. Ingólfur Rögnvaldsson,
húsasmiður, Hellu

27. Ottó Örn Pétursson,
pípulagninganemi, Hafnarfirði

29. Jóhann Hermannsson,
bifreiðasmiður, Reykjavík

31. Viðar Huginnsson,
málari, Reykjavík

33. Óskar Baldursson,
garðyrkjumaður, Hafnarfirði

35. Guðlaug F. Þorsteinsdóttir,
garðyrkjumaður, Reykjavík

37. Atli Hraunfjörð,
málari, Garðabæ

39. Jóhann B. Jónsson,
bifreiðasmiður, Reykjavík

41. Sigurður Gísli Karlsson,
iðnnemi, Reykjavík

43. Magnús V. Magnússon,
vélvirki, Akranesi

45. Ægir Magnússon,
vélvirki, Akranesi

Auk þess eiga allir kjörnir trúnaðar-
menn á vinnustöðum sæti í trúnaðar-
ráði FIT.

Tillaga uppstillingarnefndar á aðalfundi 2006 um kjörstjórn til ársins 2007:

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík
Kristinn Bjarnason
bifvélavirki, Reykjavík

Varamenn:

Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður, Reykjavík
Arnar Helgason,
húsasmiður, Hafnarfirði

Tillaga uppstillingarnefndar á aðalfundi 2006 um félagslega skoðunarmenn reikninga til ársins 2007.

Aðalmenn:

Erlendur Eiríksson,
málari, Garðabæ
Margrét Hálfánardóttir,
garðyrkjumaður, Reykjavík

Varamenn:

Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki, Hafnarfirði
Magnús Ögmundsson,
húsasmiður, Reykjavík

Tillaga uppstillingarnefndar um aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2007

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Georg Óskar Ólafsson
6. Einar Þór Gíslason
7. Vilhjálmur Gunnarsson
8. Gunnar Björn Gunnbjörnss
9. Andrés Haukur Hreinsson
10. Sveinn Jónsson
11. Þorsteinn Kristmundsson
12. Helgi Ólafsson
13. Ólafur Hafsteinsson
14. Davíð Ingi Baldursson
15. Kristján Geir Jóhannesson

Tillaga stjórnar um uppstillingar- nefnd fyrir aðalfund 2007 kjörin til ársins 2008

Einar Þór Gíslason,
bifreiðasmiður
Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki
Birgir Gíslason,
málari
Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður
Magnús Ögmundsson,
húsasmiður

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. gr. laga félagsins segir: Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, þrír meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og einn varamaður. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunar- menn reikninga árlega. Aðalstjórn

félagsins er jafnframt stjórn sjúkra- sjóðs. Uppstillinganefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert. Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur nefndarinnar og kosninga- fyrirkomulag í fréttabréfi. Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæða- greiðsla.

Ekki er í lögunum kveðið á um hvernig uppstillinganefnd skuli kosin, en frá upphafi hefur stjórn félagsins gert tillögu um hana til aðalfundar og hún starfað á milli aðalfunda.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20.grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki sam- ninganefndar við gerð kjarasamninga. Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 23 félagsmenn og 23 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1-23 og kjörinn helmingur annað árið en hinn hlutinn hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfs- greinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðar- starfa fyrir félagið.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Launahækkkanir 1. janúar 2007

Öll almenn laun og kjaratengdir liðir á samningssviði Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins hækka um 2,9% þann 1. janúar n.k. (2,25%+0,65% sbr. samkomulag endurskoðunarnefndar kjarasamninga frá 15.11.2005).

Öll laun og kjaratengdir liðir á samningssviði Samiðnar og Reykjavíkurborgar og annarra sveit- arfélaga hækka um 3% þann 1.

janúar n.k. og um 2,9% hjá ríkinu.

Launatöflur

Kauptaxtar eru lágmarkslaun en að öðru leyti gilda þau laun sem um semst á markaði.

Mótframlag í lífeyrissjóð:

Mótframlag launagreiðenda í lífey- rissjóði hækkaði í 8% þann 1. janúar.

Iðnaðarmenn með sveinspróf

Kauptaxtar frá 1.janúar 2007

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.v.
Byrjunarlaun	186.555	1.076	1.937	2.565
Eftir 1 ár	193.366	1.116	2.008	2.659
Eftir 3 ár	198.704	1.146	2.064	2.732
Eftir 5 ár	204.202	1.178	2.121	2.808

Sérhæfðir aðstoðarmenn í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu í iðngreininni

Kauptaxtar frá 1.janúar 2007

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.v.
Byrjunarlaun	133.618	771	1.388	1.837
Eftir 1 ár	134.754	777	1.399	2.659
Eftir 3 ár	137.027	791	1.423	2.732
Eftir 5 ár	139.299	804	1.447	2.808

Launatöflur Bílgreinasambandið

Kauptaxtar frá 1.janúar 2007

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna
Byrjunarlaun	191.575	1.105	1.990
Eftir 1 ár	200.382	1.156	2.081
Eftir 3 ár	209.629	1.209	2.177
Eftir 5 ár	219.339	1.265	2.278
	229.533	1.324	2.384
	240.239	1.386	2.495
	251.479	1.451	2.612
	263.280	1.519	2.734
	275.673	1.590	2.863

Ferð heldri félagsmanna 2006



Úr félagsstarfinu

Út í bláinn eru skemmtilegar óvissuferðir sem FIT býður félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra upp á síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram til apríl-loka. Lagt er af stað frá Borgartúni 30 klukkan 13:00 og yfirleitt er stefnt að heimkomu um klukkan 17:00.

Ferðirnar eru þó mislangar og stundum er fengin rúta en einnig er farið í gönguferðir um borgina undir leiðsögn fróðra manna. Allar ferðirnar eru ókeypis. Fyrsta ferð ársins verður farin sunnudaginn 28. janúar og er mæting, eins og áður segir, í Borgartúni 30 klukkan 13:00.

Bridge er spilaður annan hvern fimmtudag í Borgartúni 30.

Dagskrá bridgespilara fram á vorið er eftirfarandi.:

BYKO-bíkar - 11. janúar, 25. janúar, 8. febrúar. - Tvímenningur.

Aðalsveitakeppnin - 22. febrúar, 8. mars, 22. mars.

Lokauppgjör og verðlaunaafhending - föstudaginn 30. mars.

Spilað er í sal á 6. hæð í Borgartúni 30. Spilamennska hefst kl. 19:30.

Bæði óvissuferðirnar og spilamennskan er samstarfsverkefni félagsanna í Borgartúni 30.

Fylgist með þessum og öðrum fréttum á heimasíðu félagsins, www.felag.is



Endurmenntun Lbhl

Landbúnaðarháskóli Íslands býður uppá fjölbreytt námskeið á vormánuðum í tengslum við starfs-svið skólans. Yfirlit yfir öll námskeið sem fyrir liggja hverju sinni eru kynnt á heimasíðu skólans www.lbhi.is undir Endurmenntun í hægri stíku. Að jafnaði eru um 60% námskeiðanna kynnt í byrjun janúar en fjölgar þegar líður á vorið. Á döfinni eru námskeið er varðar trjáklippingar, ræktun í sumarhúsalöndum, jarðveg og áburð, gæði íslenskra plantna og

ræktun, notkun lífræna varna í grænmetis- og blómarækt, loftslagsstýritölvur og loftslagsstýring auk blómaskreytinganámskeiða. Námskeiðin eru einnig fjölbreytt að því leiti að höfðað er annars vegar til almennings og hinsvegar fagaðila. Lbhl reynir einnig að

verða við óskum hópa, félaga, fyrirtækja séu lagðar fram sérstakar óskir um ákveðin viðfangsefni á formi námskeiða. Nánari upplýsingar má fá hjá endurmenntunarstjóra í síma 433 5000 / 433 5033 eða í gegnum netfangið endurmenntun@lbhi.is



Orlofshúsin!

Mikil ásókn hefur verið í orlofshús FIT og margar helgar bókaðar fram á vorið. Margir virðast líka ætla að vera í orlofshúsi um páskana en þá er fullbókað.

Rétt er að minna á að forsendan fyrir lágrí leigu er að ekki þurfi að yfirfara húsin eftir hverja leigu heldur gangi menn snyrtilega um og þrifi eftir sig.

Allar kvartanir eru skráðar og kannað hverjir voru síðast á ferð og mega þeir

sem í hlut eiga búast við að fá athugasemdir og jafnvel neitun um leigu ef ítrekaðar kvartanir eru skráðar á þá vegna slæmrar umgengni.

Eftir sem áður hvetjum við félagsmenn til að notfæra sér húsin og

bendum félagsmönnum sem komnir eru af vinnumarkaði á að það er ekki síður gaman að fara í orlofshús á virkum degi en FIT veitir 50% afslátt af leigu til þess hóps, en á virkum dögum, frá mánudegi til föstudags er leiguverðið 1.000.- krónur sólarhringurinn.

Nokkuð hefur borið á kvörtunum í vetur yfir slæmri umgengni og ljóst að gera verður ráðstafanir ef sama þróun heldur áfram. Það verður líka að segjast eins og er að við athuganir kemur í ljós að í langflestum tilfellum er um ungt fólk að ræða.



Í frí til Florida

FIT hefur gert sankomulag við Íslenska konu, Guðrúnu Ingibjörgu Gunnarsdóttur sem búsett er í Orlandó, um að þjónusta félagsmenn FIT. Guðrún á og rekur eigin ferðaskrifstofu, og sérhæfir sig í skemmtisiglingum, og leiguhúsnæði í Orlandó, og víðar á Flórída skaganum. Hún tekur einnig að sér fararstjórn með hópa frá Íslandi í skemmtisiglingar í Karabíska hafið. Á heimasíðu sinni segir hún "Ég hef mikla reynslu af því að fara í skemmtisiglingar í karabíska hafið. Einnig býð ég upp á að fara í ferðir sem fararstjóri, td. með hópa á öllum aldri. Ég er líka meðvituð um það hvað Íslendingar vilja helst, og þekki ég svæðið vel til að finna hús og íbúðir og til að finna bestu staðina og verðin. Ég get einnig miðlað af allri þeirri þekkingu og reynslu sem ég hef fengið á þessum 13 árum sem ég hef verið búsett í Orlandó, Flórída".

Það hlýtur að vera félagsmönnum mikils virði að geta átt samskipti á

íslensku um alla skipulagningu ferða og pantanir á þjónustu. Það er fullt af tilboðum í skemmtisiglingar þessa dagana. Skoðið heimasíðu Guðrúnar www.floridafri.com eða ferðaskrifstofunnar www.gunnatravel.com

Hægt er að hafa samband við Guðrúnu á netfanginu gunna90@hotmail.com





KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTVÍRÆÐIR

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað sniðinn að þörfum hvers og eins. Eftirfarandi tvær leiðir eru meðal annars í boði.

Aldursleið

Í aldursleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldri. Inneignin flyst sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð og felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar eftir því sem sjóðfélaginn eldist en hlutfall skuldabréfa hækkar að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir unga sjóðfélaga því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.

Skuldabréfaleið

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfaleið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verðtrygguðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.

Reiknivélín á www.lifeyrir.is gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.

Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.lifeyrir.is, eða í síma 510 5000.

